



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Menntamálanefnd
Austurstræti 8 - 10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík 22. desember 2004

Efni: Frumvarp til laga um afnám laga nr. 53/2002, um Tækniháskóla Íslands, með síðari breytingum

Frumvarpið mælir svo fyrir að lög nr. 53/2002 um Tækniháskóla Íslands skuli falla úr gildi, og er frumvarpið lagt fram í tilefni af fyrirhugaðri sameiningu Tækniháskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík. Sameining þessara skóla byggist á viljayfirlýsingu menntamálaráðherra, Samtaka atvinnulífsins, Samtaka iðnaðarins og Verslunarráðs Íslands um stofnun einkahlutafélags sem tekur við starfsemi THÍ og HR, dags. 19. október 2004. Í viljayfirlýsingunni segir m.a.:

Aðilar eru sammála um að gera þurfi átak til að auka áhuga ungs fólks á raunvísindum og tæknigreinum og tryggja að gæði menntunar á þeim sviðum standist alþjóðlegan samanburð. Hvort tveggja er forsenda framþróunar og aukinnar samkeppnishæfni í atvinnulífi hér á landi. Mikilvægt er að háskólinn mæti þörfum atvinnulífs og einstaklinga fyrir trausta og góða tækni- og rekstrarþekkingu. Með hinum nýja háskóla er stigið skref í átt til þess að tryggja áhrif og þátttöku atvinnulífs í háskólastarfi hér á landi.

Samtök atvinnulífsins telja stofnun hins nýja háskóla mikið framfaraspor og ákváðu samtökin því að koma að stofnun félags til að tryggja framgöngu málsins. Samtök atvinnulífsins hafa lengi haldið fram mikilvægi öflugrar samkeppni og fjölbreytileika í rekstrarformi á sviði háskólamenntunar, sem og raunar á öðrum skólastigum. Með stofnun hins nýja háskóla verður til mjög öflug eining sem mun m.a. styrkja háskólanám á sviði rekstrar- og tæknigreina og mun með tímanum stuðla að bættri samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs. Samtök atvinnulífsins lýsa því eindregnum stuðningi við frumvarpið.

Virðingarfyllst,

Guðstaf Adolf Skúlason
Forstöðumaður stefnumótunar- og samskiptasviðs

Aðsetur:
Borgartún 35
105 Reykjavík

Sími:
591 00 00

Bréfsími:
591 00 50

Netfang:
sa@sa.is

Veffang:
www.sa.is